

FRÉTTATILKYNNING

SKYRKONFEKT

Stefnumót hönnuða og bænda í
samvinnu við Rjórabúið Erpsstöðum

HÖNNUNARMARS 2011 | 24.-27.03.
TURNINN LÆKJARTORGI | 12.00 – 18.00


“Stefnumót bænda og hönnuða” er frumkvöðlaverkefni í þágu atvinnulífsins þar sem tvær starfstéttir eru leiddar saman til að skapa einstaka afurð. Mikil sóknartækifæri felast í matvælaframleiðslu og með markvissri nýsköpun á hráefninu og vöruþróun er hægt að margfalda virðisaukann. Í sérstöðu og upplifun felast mikil verðmæti, því er markmið verkefnisins að þróa héraðsbundnar matvörur byggðar á hæstu gæðum, rekjanleika og menningarlegri skírskotun. Í verkefninu er einni af elstu starfstéttum landsins, bændum, att saman við eina af yngstu starfsstéttunum, hönnuðum. Markmið verkefnisins er að þær afurðir sem hafa verið þróaðar skapi efnahagslegan ávinning og verði hvatning fyrir bændur til að auka vægi nýsköpunar og þverfaglegar samvinnu í framleiðslunni.

Verkefnið Stefnumót hönnuða og bænda var þróað fyrir Listaháskóla Íslands af Sigríði Sigurjónsdóttir, prófessor vöruhönnunar, Brynhildi Pálsdóttur og Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur, vöruhönnuðum. Brynhildur og Guðfinna voru jafnframt kennarar námskeiðsins og hönnunarstjórar rannsóknarhluta.

Stefnumót hönnuða og bænda hófst árið 2007 með námskeiði fyrir nemendur í vöruhönnun en árið 2008 hlaut verkefnið styrk frá Tækniþróunarsjóði Rannís og Framleiðnisjóði Landbúnaðarins til að hefja rannsóknarhluta verkefnisins.

Rannsóknarhlutinn er þriggja mánaða ferli sem gerir verkefninu kleift að þróa til fulls hugmyndir sem verða til í námskeiðinu. Í þessum hluta er aðeins unnið með einu býli í hvert sinn og er býlinu afhent tilbúin afurð til framleiðslu í lok verkefnisins. Rannsóknarhlutinn er þverfagleg samvinna þar sem sérfræðingar Matís, matreiðslumeistarar og Innovit vinna með hönnunarteyminu. Þær afurðir sem hafa verið þróaðar í rannsóknarhlutanum eru Rabarbarakaramella Rabarbíu (Löngumýri á Skeiðum), Sláturtertán frá Möðrudal á fjöllum og nú kynnum við Skeyrkonfekt Rjómbábússins á Erpsstöðum.

Rjómbábúð Erpsstaðir er fjölskyldufyrirtæki í Dölunum þar sem heiðarleiki og gagnsæi eru undirstöðupættir í framleiðslunni. Á býlinu búa mjólkurkúrnar við bestu hugsanlegu aðstæður og ráða tíma sínum sjálfar. Undir sama þaki framleiða bændurnir afurðir sínar af kostgæfni með það að markmiðið að opna nýjar víddir í upplifun á mjólkurafurðum.





Skyrkonfektíð er sérhannað og þróað af Stefnuþóti hönnuða og bænda, rannsóknarverkefni Listaháskóla Íslands, fyrir Rjómbúíð á Erpsstöðum. Skyrkonfektíð er hágæða sælgæti, húðað Valrhona súkkulaði og fyllt með heimalöguðu skyri frá Erpsstöðum. Skyrkonfektíð er framleitt af Rjómbúinu og mun nú vera formlega kynnt á Hönnunarmars, 24.03–27.03. Í Turninum á Lækjartorgi verður sett upp Skyrkonfekts verslun aðeins þessa fjóra daga þar sem vegfarendur geta komið og keypt þessa einstöku mola í fyrsta sinn. Aðstandendur verkefnisins munu sjá um afgreiðsluna. Í framhaldinu mun Skyrkonfektíð fara í almenna sölu og mun meðal annars vera fáanlegt í Búrinu, Vínberinu og Frú Laugu.

Hið þverfaglega teymi sem kom að þróun Skyrkonfektsins og hönnun vörumerkis Rjómbússins Erpsstaða samanstóð af eftir farandi aðilum: Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor í vörühönnun við LHI. Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir hönnunarstjórar verkefnisins, Jordi Serra grafískur hönnuður, Kristín Birna Bjarnadóttir og Sabrina Stiegler vörühönnuðir, Örvar Birgisson konditorimeistari, Matís, þekkingar og rannsóknarfyrirtæki í matvælaíðnaði og síðast en ekki síst bændurnir á Erpsstöðum Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Helga Guðmundsdóttir ásamt Ingvari Bæringssyni mjólkurfræðingi. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði, Framleiðnisjóði Landbúnaðarins og Hönnunarsjóði Auroru.

Föstudaginn 25.mars munu Brynhildur og Guðfinna halda fyrirlestur um verkefnið í Norrænahúsinu í tengslum við Norræna matarráðstefnu sem stendur þá yfir. Fyrirlesturinn hefst kl.9.00 og mun Þorgrímur, bóndi á Erpsstöðum taka þátt í umræðunni.

Verkefninu lauk veturinn 2010 þegar síðasti rannsóknarhlutinn kláraðist. Á þessu tímabili var námskeiðið kennt þrisvar sinnum og samhliða var rannsóknarhlutinn keyrður í þrjú skipti. Unnið hefur verið með 11 býlum í námskeiðinu víðs vegar um landið og af þeim var fjórum boðið í rannsóknarhlutann.

Fyrir frekari upplýsingar um verkefnið vinsamlegast hafið samband við Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur; gudfinnam@lhi.is, sími 690-9874 eða í síma verkefnisins 897-7186.



**RJÓMABÚIÐ
ERPSSTAÐIR**